

Minnisblað

til ritara viðskiptanefndar Alþingis vegna umsagna við frumvarp til breyting á lögum um aðgerðri gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 64/2006.

Umsögn embættis ríkislögreglustjóra:

- Fallist er á að breyta skuli orðskýringunni í 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. þannig að vísað verði til 100. gr. a-c (ekki einungis til 100. gr. a líkt og gert er í núgildandi lögum). Vegna innleiðingar á tilskipun 2005/60/EB (með lögum nr. 64/2006) gerði ESA sambærilega athugasemd við innleiðinguna að þessu leyti, þ.e. taldi hana ófullnægjandi. Athugasemd ESA kom ekki fram fyrr en í apríl sl., þ.e. eftir afgreiðslu frumvarpsins út úr „peningabættisnefndinni“.
- Ríkislögreglustjóri gerir þá athugasemd að tilkynningar um viðskipti, þar sem grunur leikur á að rekja megi til peningabættis eða fjármögnunar hryðjuverka (17. gr. 1. nr. 64/2006), sé beint til peningabættisskrifstofu ríkislögreglustjóra en ekki til lögreglu líkt og gert er í núgildandi lögum. Eftir því sem undirritaður kemst næst þá var við setningu laga nr. 64/2006 tekin meðvituð ákvörðun um að vísa til lögreglu almennt í lögnum en *peningabættisskrifstofa* síðan skilgreind í reglugerð um meðhöndlun tilkynninga um ætlað peningabætti, nr. 626/2006. Ákvörðunin var, að því er undirrituðum skilst, tekin þar sem fyrir lá að breytingar yrðu gerðar á embætti ríkislögreglustjóra. Með framangreindu fyrirkomulagi myndu innri skipulagsbreytingar og þ.h. hjá embættinu ekki kalla á lagabreytingu en einfaldara yrði að breyta reglugerð. Undirritaður hefur ekki mikið ígrundað þetta mál en í fljótu bragði tel ég breytinguna óþarfa og jafnvel sömu sjónarmið eiga við og rakin eru hér að framan. Bendi þó á að telji viðskiptanefnd Alþingis að þessu eigi að breyta þá er víða í lögnum vísað til lögreglu með almennum hætti (t.d. í 7., 9., 17., 18., 19., 20., 21., 22., 23. og 26. gr.) og þyrfti breytingin þ.a.l. eflaust að ná til allra þessara ákvæða einnig (ekki eingöngu til 17. gr. um almenna tilkynningarskyldu líkt og skilja má af athugasemd embættis ríkislögreglustjóra.

Umsögn SFF (efnislega samhljóða umsögn Viðskiptaráðs):

- Undirritaður hefur þegar skilað tillögu til ritara viðskiptanefndar Alþingis um þetta efni og vísast til hennar.

Umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands:

- Undirritaður telur ekki þörf á að aðhafast neitt og vísast til umræðu sem undirritaður og forstjóri Neytendastofu áttu með viðskiptanefnd Alþingis sl. þriðjudag (20. maí) um þetta efni.

Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða:

- Við vinnslu þess frumvarps sem hér er til umsagnar hefur „peningabættisnefndin“, frá aðkomu undirritaðs að starfi nefndarinnar (nóv. 2007), ekki viðrað neinar tillögur í þá veru sem fram kemur í umsögn Landssamtakanna og ræddar voru með undirrituðum og fulltrúa samtakanna við viðskiptanefnd Alþingis sl. föstudag (16. maí). Líkt og fram kom í umræðunum þá er það sjónarmið ráðuneytisins (og fleiri opinberra aðila) að tiltekin starfsemi lífeyrissjóðanna sé eða geti verið útsett fyrir peningabætti, t.d. lánastarfsemi sjóðanna. Bent er á að lífeyrissjóðir hafa verið tilkynningarskyldir aðilar og þannig fallið undir núgildandi peningabættislöggjöf jafnframt í eldri löggjöf um peningabætti. Almennt má ætla að lítil hætta sé á peningabætti í tengslum við starfsemi lífeyrissjóða, þ.e. þeir myndu falla undir það sem á ensku er kallað „low risk“. Þannig er hægt að fallast á sjónarmið

Landssamtakanna, að ekki séu miklar líkur á því að verið sé að þvætta peninga í gegnum aðalstarfsemi sjóðanna, þ.e. með móttöku iðgjalda og útgreiðslu lífeyris. Með vísan til áðurnefndra umræðna undirritaðs með viðskiptanefnd Alþingis og fulltrúa Landssamtakanna um þessi mál þá ítrekar ráðuneytið þá skoðun að ekki eigi að gera breytingu á lögnum til samræmis við umsögnina að svo stöddu. Skoða þurfi málið frekar og t.d. taka það fyrir sérstaklega í „peningaþvættisnefndinni“ enda mun nefndin starfa áfram þrátt fyrir afgreiðslu umrædds frumvarps.

Umsögn Fjármálaeftirlitsins:

- Ráðuneytið er sammála tillögu FME um breytingu á a-lið 9. gr. frumvarpsins – (ekki efnisleg breyting).
- Vegna athugasemdar FME um b-lið 20. gr. frumvarpsins þá ítrekar ráðuneytið sjónarmiðin sem undirritaður kom á framfæri við viðskiptanefnd Alþingis sl. þriðjudag (20. maí). Til upprifjunar þá leggst ráðuneytið ekki gegn því að tillit verði tekið til athugasemdarinnar en telur þó tillögu FME, eins og hún kemur fyrir í umsögninni, ekki alveg ganga upp lagatæknilega séð. Í b-lið 20. gr. frumvarpsins er kveðið á um að FME skuli, í tilteknum tilvikum, neita um skráningu skv. 25. gr. a. Til samræmis við tillögu FME leggst ráðuneytið, sem fyrr segir, ekki gegn því að í tilteknum tilvikum geti FME jafnframt neitað um skráningu. Aðgreint yrði s.s. milli skyldu og heimildar FME um að neita um skráningu. Ráðuneytið gerir að tillögu sinni, ef bætt yrði í ákvæðið setningu (líkt og FME leggur til) að þá myndi hún hljóða eitthvað í þessa veru: *Þá getur Fjármálaeftirlitið neitað um skráningu séu skilyrði skráningar ekki uppfyllt, sbr. 3. mgr. 25. gr. a.* Þá mætti einnig bæta þessu við sem nýrri málsgrein, svohljóðandi: *Fjármálaeftirlitið getur neitað um skráningu séu skilyrði skráningar ekki uppfyllt, sbr. 3. mgr. 25. gr. a.* Hugsanlega mætti síðan að einhverju leyti nýta textann í athugasemd FME í greinargerð.
- Vegna athugasemdar FME við umsögn fjármálaskrifstofu fjármálaráðuneytisins um frumvarpið og ábendingu um að gera megi ráð fyrir kostnaðarauka hjá stofnuninni um allt að hálfu stöðugildi vegna nýs verkefnis ítrekar ráðuneytið að þessar upplýsingar lágu fyrir þegar kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins var gerð. Jafnframt ítrekar ráðuneytið ábendingu sína, á áðurnefndum fundi með viðskiptanefnd, þess efnis að skv. 17. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998 þá eru það eftirlitsskyldir aðilar sem standa straum af kostnaði við rekstur Fjármálaeftirlitsins. Reynist hljótast af umræddu eftirliti meiri kostnaðarauki en gert er ráð fyrir nú þá yrði gert ráð fyrir því í áætlunum um kostnað við rekstur FME fyrir árið 2009.

Ómar Þór Eyjólfsson, lögfr.,
viðskiptaráðuneyti þann 22. maí 2008.